

Nd.

48. Frumvarp til laga

[28. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Birni Ólafssyni.

Á eftir 13. gr. laganna komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Til ársloka 1960 er hlutafélögum og sameignarfélögum heimilt að hækka hlutafé eða stofnfé félaganna í samræmi við eignir þeirra 31. desember 1958. Þó má hækkun hlutafjár eða stofnfjár aldrei vera meiri en sem svarar vísitöluhækkun dagvinnukaups í almennri verkamannavinnu í Reykjavík, frá því að hlutaféð eða stofnféð var greitt. Ekki má hlutafé eða stofnfé á þennan hátt vera hærri en raunverulegt verðgildi eigna.

Verðgildi eigna skal fundið með því, að lagt er til grundvallar bókfært verðmæti sjóða, vörubirgða, útistandandi skulda og verðbréfa, en fasteignir, skip, vélar, innbú og önnur tæki skal metið eftir meðaltryggingarfjárhæð síðustu þriggja ára.

Með skattaframtali næsta árs eftir breytinguna skal gerð fullnægjandi grein fyrir hækkun hlutafjár eða stofnfjár samkvæmt þessari heimild.

Ný hlutabréf eða stofnbref, sem út eru gefin fyrir hækkuninni í réttu hlutfalli við eign hvers hluthafa í félaginu, skulu ekki vera skattskyld sem úthlutun til félagsmanna, þrátt fyrir ákvæði d-liðs 7. gr. þessara laga.

Greinargerð.

Vegna langvarandi verðbólgu hefur stofnfé og hlutafé flestra félaga rýrnað stórkostlega að verðgildi síðustu árin. Auk þess hefur höfuðstóll fjölda margra félaga gengið mjög til þurrðar vegna óeðlilegrar skattheimtu ríkis og bæjarfélaga.

Þetta veldur svo því meðal annars, að vegna rýrnandi verðgildis hlutafjárins er hætt við, að traust félaganna fari þverrandi, sérstaklega út á við. Hins vegar eiga ýmis félög, sérstaklega hin eldri, varasjóði og eignir umfram hið skráða stofnfé eða hlutafé.

Nú er orðið tímabært og nauðsynlegt vegna hinnar miklu og langvarandi verðbólgu að heimila félögunum að hækka stofnféð eða hlutaféð í hlutfalli við eignir þeirra og í samræmi við þá verðrýrnun, sem orðið hefur síðan hlutaféð eða stofnféð var greitt.

Í löndum, þar sem mikil verðgildisröskun hefur orðið af völdum verðbólgu, hafa svipaðar ráðstafanir verið gerðar. Er þetta eðlileg ráðstöfun, eins og nú er komið hér á landi, og mundi gefa réttari mynd af raunverulegum efnahag félagsanna en nú er.

Slíka ráðstöfun er þó ekki hægt að framkvæma, nema gefin sé undanþága frá ákvæði d-liðs 7. gr. laganna.